



Fréttabréf Skeiða- og Gnúpverjahrepps

10. árgangur 4.tbl.

Apríl 2013

Sumarið nálgast

Opinn kynningarfundur um rammaskipulag í Þjórsárdal.

Þriðjudaginn 23. apríl 2013 verður haldinn opinn kynningarfundur um skipulagsmál í Þjórsárdal.

Fundurinn verður í Árnesi og hefst kl. 20:00.

- Gísli Gíslason landslagsarkitekt hjá Steinsholti sf mun kynna tillögu að rammaskipulagi fyrir Þjórsárdal, sem tekur einkum til stefnumörkunar á sviði ferðaþjónustu og útivistar.
- Almennar umræður um rammaskipulagið.

Allir áhugasamir eru hvattir til að mæta og leggja málinu lið.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps



Símanúmer á skrifstofu sveitarfélagsins í Árnesi
486-6100 Fax: 486-6120. - skeidgnup@skeidgnup.is
Opíð mánud.—fimmtud. 09-12 og 13-15 föstudaga kl. 09:00 -12:00
Sími í áhaldahúsi 486-6118 - Starfsmenn þar:
Ari Einarsson 893-4426 Jóhannes Eggertsson 864-6904
ari@skeidgnup.is - joi@skeidgnup.is



Hundafangari sveitarfélagsins:
Ragnar Sigurjónsson í síma 859-9559.

Skilafrestur efnis í næsta fréttabréf er 10. apríl 2013.

Ritstjóri: Kristjana H. Gestsdóttir—frettabref@skeidgnup.is

Ábyrgðarmaður: Kristófer A. Tómasson, sveitarstjóri



Minnum á Heilsu– morgunátakið

Þriðjudagsmorgnar í Skeiðalaug

16., 23. og 30. apríl, kl. 07:00—08:00



Nýtið þetta frábæra morgunátak!


Kaffið heitt á könnunni.

Sundlaugarvörður.

Þjórsárdalur!

Mynddiskur um fjölbreytileika Þjórsárdalsins og einstaka náttúrufegurð svæðisins. Höfundar: Ari Trausti Guðmundsson og Valdimar Leifsson.

Fæst á skrifstofunni í Árnesi og kostar kr. 1.500, -
Góð tækifærisgjöf.



Senn kemur vorið.

Nú er að verða liðinn vetur sem aldrei kom í uppsveitum Árnessýslu. Ég get ekki annað en talið það lífsgæði að fá að búa við veðráttu sem þessa í heilan vetur. Engu síður væri ég talinn skrýtinn ef ég segði að veturinn hafi verið líflaus hvað pólitík snertir í þessu sveitarfélagi. Það er ekki hægt að ætlast til að fólk sé alltaf sammála um þær ákvarðanir sem taka þarf varðandi stjórnun sveitarfélaga og hvað þá þjóðarinnar.

Ég er ekkert viss að það væri gaman að búa í landi þar sem allir væru alltaf sammála. Ekki efast ég um að allir sem í hlut eiga eru að gera sitt besta og vinna samkvæmt sinni sannfæringu hverju sinni. Snar þáttur í pólitík eru málamiðlanir og ekki þarf að efast um að það vakir fyrir þeim sem að forystu í sveitarfélögum koma, að vinna að framförum fyrir sitt byggðarlag og hlúa að velferð íbúanna. Um leiðir til þess verður seint fullur einhugur.

Ekki þarf að búast við öðru en mörg verk sveitarstjóra á hverjum stað fara fyrir dómstól þegnanna, stundum í hljóði en stundum með hávaða. Það er sjálfsagður og eðlilegur hlutur að menn tjái sín viðhorf. Grundvallaratriði í hverju því verkefni sem maður tekur sér fyrir hendur er að unnið sé af heilindum. Það hef ég haft að leiðarljósi í mínum verkefnum í lífinu. Vissulega hefur maður þurft að horfast í augu við það oftar en einu sinni að maður hefði getað gert betur. Ef íbúar og hagsmunaaðilar sveitarfélagsins vilja ræða um hluti sem þeim finnst betur mega fara í mínum verkum, þá er ég fús til umræðna um það.

Ef leynast skyldi einstaklingur í samfélaginu sem hefur einhvern tíma efast um sannleiksgildi minna orða þá er mikilvægt að það berist til mín. Ég þakka ykkur fyrir veturinn. Hratt flýgur stund og rúmt ár er nú liðið frá því ég settist í stól sveitarstjóra. Það er búið að vera sérlega lærdómsríkt og skemmtilegt. Framundan er bjartasti tími ársins. Nóttlaus voraldar veröld.

Bestu óskir um góðar stundir.

Kristófer, sveitarstjóri.



Þjórsárskóli
Skeiða- og Gnúpverjahreppi

Leiksýningin „Krakkarnir í hverfinu“

Þann 12. mars fóru nemendur í 1.- 3. bekk á leik-sýninguna „Krakkarnir í hverfinu“. Um var að ræða leikpátt þar sem brúður voru notaðar til að fræða börnin um líkamlegt og kynferðislegt ofbeldi. Fræðslan fólst í því að brúðurnar ræddu saman um það sem þær höfðu lent í. Eftir sýninguna voru síðan umræður. Mjög góð sýning hjá þeim Hallveigu og Helgu.



Árshátíðin okkar í Þjórsárskóla

Árshátíðin okkar var haldin 15. mars og markaði hún upphaf afmælishátíðar skólans.

Sýnt var leikritið: Í fylgd með H.C. Andersen auk þess sem verkefni tengd sögu skólanna prýddu salinn. Nemendur fengu góðar undirtektir áhorfenda og

stóðu sig frábærlega bæði í leik og söng. Eftir sýninguna fengum við fínt veislukaffi í umsjón foreldrafélagsins.



Á árshátíð



Stærðfræði

Í 5.-6. bekk í stærðfræði er verið að nálgast stærðfræðina á aðeins öðruvísi hátt en vanalegt er. Nemendum var skipt upp í hópa og fékk hver hópur sitt hugtak sem skal útskýra á myndrænan hátt. Hér má sjá myndir frá æfingum tveggja hópa.



Páskaeggjaleit

Föstudaginn fyrir páskafrí vorum við með páskaeggjaleit, sem er árlegur viðburður hjá okkur og alltaf jafn skemmtilegur.

Nöfn allra í skólanum, stórra sem smárra voru sett á spjöld og falin á skólalóðinni okkar. Síðan fóru allir út og leitaði hver að sínu spjaldi. Þegar þeir skiluðu því inn fengu þeir lítið páskaegg og mikið var spáð í máls-hættina.



Framhald á næstu síðu.

Skógarferðin 8. apríl – Þema kristinfræði

Við komum inn í skóg í yndislegu vorveðri, logni og blíðu. Nemendum var skipt í yngri og eldri hópa og fóru síðan í vinnu á tveimur stöðvum. Á annarri stöðinni fengu þeir fræðslu um krossinn t.d. hvers vegna fólk signir sig. Síðan bjó hver og einn til sinn kross úr efnivið skógarins.

Á hinni stöðinni voru búnir til leikþættir tengdir páskum; um pálmasunnudag, skírdag, föstudaginn langa, páskadag.

Eftir að hafa fengið heitt kakó og smurðar samlokur var haldið áfram og farið í „Verkefni ómögulegt“. Þá var nemendum skipt í 4 manna hópa og áttu að leysa ýmis verkefni sem byggðust á hjálpsemi og samvinnu.

Vel heppnaður dagur í skóginum okkar. Næsta skógarferð verður síðan 19. apríl og þá bjóðum við elstu börnunum í leikskólanum að koma með okkur.



**Kveðja úr
skólanum**
Bolette og Kristín.

Vortónleikar Uppsveitasystra!



Kvennakórinn Uppsveitasystur verða með vortónleika sína í Aratungu 3. maí. Skemmtileg syngjandi dagskrá í boði

sem enginn ætti að missa af.

Verður auglýst nánar síðar.




Saumastofan í Árnesi.

Sýningum á Saumastofunni eftir Kjartan Ragnarsson er lokið. Alls var Saumastofan sýnd níu sinnum. Ferlið tók fjóra mánuði, og sýningar tókust vel. Frábært fólk í sveitarfélaginu gaf allt sitt í verkefnið og fengum við liðstyrk frá Tungnamönnum. Við þökkum öllum þeim sem tóku þátt í að gera sýningar Saumastofunnar að veruleika og þá fá þeir áhorfendur sem lögðu leið sína í Árnes til að sjá sýninguna okkar bestu þakkir. Gaman að sjá leikhúsmenninguna blómstra í sveitarfélaginu okkar.



Stjórn leikdeildar U.M.F.G.



Markaður og sýning verða á verkum nemenda úr nýsköpun og fleiri greinum.



Mánudaginn 6. maí kl. 16:00-18:00
verður markaður, kaffihús og fleira í
Þjórsárskóla.

Allir velkomnir, afar og ömmur,
pabbar og mömmur



Lestrarfélag Skeiða- og Gnúpverjahrepps Bókahúsinu, Brautarholti.

Opið öll fimmtudagskvöld kl. 20:00 -22:00

Fullt af alls konar bókum, nýjum, gömlum,
góðum, mikið lesnum og minna lesnum.

Notfærum okkur það!



S: 486-5505 www.gegnir.is
bokasafn@skeidgnup.is



Kertasmiðjan Brautarholti

486 5518

www.kertasmidjan.is



Velferðarþjónusta Árneshöfna í Laugarási
480-1180 Fax: 480-1181 www.laugaras.is
Félagsmálastjóri : María Kristjánsdóttir



Kynningarfundir um starfsemi um starfsemi



og næsta styrkúthlutun

SASS – Samtök sunnlenskra sveitarfélaga kynnrir starfsemi sína á fundum á Suðurlandi á næstu vikum. Kynnt verður þjónusta sem SASS veitir einstaklingum, fyrirtækjum, sveitarfélögum og félaga-samtökum.

Einnig verður kynnt næsta styrkúthlutun SASS sem auglýst verður nú í apríl.

Fundarstaðir og tími:

- 8. apríl Klaustur – Systrakaffi kl. 16:00 – 17:00 (kaffi og með því)
- 9. apríl Hella – Safnaðarheimili Oddakirkju súpufundur kl. 12:00 – 13:00
- 10. apríl Vestmannaeyjar – Hótel Vestmannaeyjar súpufundur kl. 12:00 – 13:00
- 15. apríl Flúðir – Hótel Flúðir súpufundur kl. 12:00 – 13:00
- 16. apríl Selfoss – fundarsalur Austurvegi 56, 3ja hæð, súpufundur kl. 12:00 – 13:00
- 17. apríl Hveragerði – Hótel Hveragerði súpufundur kl. 12:00 – 13:00
- 18. apríl Eyrarbakki – Félagsheimlið Staður súpufundur kl. 12:00 -13:00
- 19. apríl Þorlákshöfn – Svarti sauðurinn súpufundur kl. 11:00 - 12:00

Allir velkomnir

Samtök sunnlenskra
sveitarfélaga



Kirkjustarfið í Stóra-Núps og Ólafsvallasóknum!

**Fjölskyldumessa í Ólafsvallakirkju
21. apríl, kl. 11:00.**

Nemendur í þjórsárskóla sjá um sönginn


Stjórnandi: Helga Kolbeinsdóttir

Organisti: Þorbjörg Jóhannsdóttir

Prestur: sr. Halldór Reynisson

Sími prestakallsins er **856-1572**

Sími sóknarprests er **856-1571**



Kjörskrá vegna Alþingiskosninga þann 27. apríl 2013,



mun liggja frammi á skrifstofu Skeiða- og Gnúpverjahrepps á
opnunartíma skrifstofunnar frá 17. apríl til 26. apríl 2013.

Sveitarstjóri Skeiða- og Gnúpverjahrepps.



Kjölfundur í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Kjölfundur vegna Alþingiskosninga 2013 fer fram
laugardaginn 27. apríl n.k.

Kosið verður í Félagsheimilinu Árnesi

fundarherbergi sveitarstjórnar.

Kjölfundur hefst kl. 10.00 og lýkur kl. 20.00

Kjósendur eru minntir á að hafa meðferðis persónuskilríki með
mynd og framvísa ef óskar er.

Kjörstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

Aðalfundur Veiðifélags Þjósár

verður haldinn mánudagskvöldið 22. apríl 2013
að Laugalandi í Holtum KL. 20.30.

Dagskrá.

1. Venjuleg aðalfundarstörf.
2. Skýrsla stjórnar.
3. Kosningar.
4. Erindi: Magnús Jóhannsson, fiskifræðingur.
5. Umræður og önnur mál.



Vonumst til að sjá ykkur öll.
Stjórn Veiðifélags Þjósár.

PS. þeir sem eiga eftir að skila veiðiskýrslum fyrir árið 2012, vinsamlegast gangið frá þeim til Veiðimálastofnunar á Selfossi sem fyrst.

Minnum á æfingar alla mánudaga kl. 20:00

í Félagsheimili Hrunamanna.

Það væri gaman að sjá nýjar söngsystur,
sem og þær sem áður hafa verið með okkur ☺
Kvennakórinn Uppsveitasystur



Leggings, leggjur eða gammósíur

Þægilegar og flottar buxur fyrir
konur á öllum aldri.

Líttu við í saumakjallaranum í Skarði og
fáðu sérsaumað í þína stærð.



Upplýsingar í síma 863 9689.
Kveðja góð,
Vilborg í Skarði





Smárafréttir

APRÍL 2013



VETRARMÓT Þriðja vetrarmót verður haldið laugardaginn **19 apríl kl 13.00**

Keppt verður í eftirfarandi flokkum :

Pollaflökkur (9 ára og yngri)

Barnaflökkur (10-13 ára)

Unglingaflökkur (14-17 ára)

Ungmennaflokkur (18-21 árs)

Unghrossaflökkur (hross fædd 2008 og 2009)

2 flokkur Fullorðnir

1 flokkur Fullorðnir

Skráning á staðnum frá 12.00 - 12.45

Skráningargjald 500.— skráningin, frítt fyrir
polla og börn, greiðist á staðnum

ATH. EKKI POSI.

Ath breyttan tíma

***Á vetrarmótum Smára þurfa
bæði knapi og eigandi hests
að vera í félaginu. Að gefnu
tilefni hvetjum við fólk að
kynna sér reglur vetrarmóta
sem finna má í heild sinni inn
á www.smari.is***

UPPSVEITADEILD ÆSKUNNAR Nú eru búin tvö mót af þremur í þessari
skemmtilegu mótaröð, æskulýðsnefndin hvetur alla krakka sem hafa áhuga á að vera
með að vera dugleg að þjálfa hestana sína og mæta á æfingu sem haldin verður
24 apríl en síðasta mótið verður **27 apríl** Hér fyrir neðan má sjá mynd af 5 efstu í
þrigangi barna í Uppsveitadeild æskunnar 6 apríl Ljósmynd: Sigurður Sigmundsson



1

Firmakeppni Smára verður haldin á Flúðum 1 maí
að venju og hefst stundvíslega kl. 14.00

Kept verður í eftirfarandi flokkum :

Pollaflokkur(9 ára og yngri)

Barnaflokkur (10-13 ára)

Unglingaflokkur (14-17 ára)

Ungmennaflokkur (18-21 árs)

Kvennaflokkur

Karlaflokkur

Heldri manna og kvennaflokkur

150 m skeið

*Skráning verður á
staðnum og lýkur
henni kl. 13.50*



*Hvetjum alla til að mæta og gera sér glaðan
dag á einum stærsta viðburði félagsins, hvort
sem er ríðandi, gangandi eða akandi.*




Mentorkerfi hjá hestamannafélaginu Smára

- * Átt þú barn sem langar að prófa hestamennsku ?
- * Hefur þú áhuga á að koma barninu þínu af stað í hestamennsku en skortir aðstöðu og tækifæri til að komast í kynni við hesta og hestamennsku án þess að þurfa að kaupa hest, reiðtyggi og annað sem fylgir ?
- * Ert þú foreldri sem ert tilbúið að styðja barnið í hestamennsku og setja hana í forgang í samvinnu við fórnfúsa hesteigendur?
- * **Hestamannafélagið Smári fagnar öllum nýjum félögum og aðild að félaginu er gjaldfrí að 16 ára aldri.**
- * Ert þú tilbúin(n) að skuldbinda þig í að "taka að þér" áhugasamt barn, kynna því hestamennsku og allt sem tengist henni?
- * Hefur þú áhuga á að lofa sem flestum að njóta hestamenskunnar og prófa áður en lagt er af stað í hana á fullum krafti?
- * Þetta er einstakt tækifæri sem barninu er veitt og krefst mikils framlagt af hálfu mentors og barnið og foreldrar þess verða að vera tilbúin að leggja sig fram við að kynna sér hestamennsku.

Þeir sem hafa áhuga á að leggja þessu verkefni lið eða taka þátt eru hvattir til
að hafa samband við æskulýðsnefndarfulltrúana Vigdís í s.8616652
sydralangholt@emax.is eða Meike í s.6638011 mmelkorka@hotmail.com

**Tillögu að MENTOR kerfinu má lesa í heild sinni inn á
www.smari.is og á facebook síðu Smára.**



Gjaldskrá Búnaðarfélags Gnúpverja 2013

Öll tæki félagsins eru eins og áður í umsjón Einars í Heiðarbrún.

Sími: **848-1619**

Gjaldskrá 2013 gildir einnig fyrir félagsmenn í Búnaðarfélagi Skeiðamanna.

Staurabor	1.000,- pr. klst.
Haugsuga 11,5 T	11.000 kr pr. dag
Haugsuga 13,5 T	12.000 kr pr. dag
Skádæla	7.000 kr pr. dag
Brunndæla	7.000 kr, pr. dag
Rafmagns flóhræra	7.000 kr pr. dag
Pinnatætari	3.000 kr/klst,
Hnífatætari Nýr	3.000 kr/klst,
Flaghefill Nýr	2.000 kr/klst. Lágmarksgjald 3.000 kr.
Flag- og túnvaltari 6,3 m, með jöfnunarborði	4.000 kr/klst, fyrstu 5 klst. síðan 2.000 kr/klst.
Plógur, fjórskeri, fjölstillanlegur	2.500 kr/klst. Lágmarksgjald 5.000 kr.
Fjaðraherfi	2.500 kr/klst. Lágmarksgjald 5.000 kr.
Steypuvél Ný vél	100 kr/poka, startgjald 3.000 kr.
Flatvagn 12t (rúlluvagn)	6.000 kr/dag.
Tveggjahesta kerra	4.500 kr heill dagur, fyrir félagsmenn Búnaðarfélaga Gnúpverja og Skeiða, annars 6.000 kr/dag
Fjölnotakerra (Ný kerra) (tveimur fétum lengri en sú gamla)	5.500 kr heill dagur, fyrir félagsmenn Búnaðarfélaga Gnúpverja og Skeiða, annars 7.000 kr/dag

Ætlast er til að tæki komi hrein úr útleigu. Ef misbrestur verður á því áskilur Búnaðarfélagið sér rétt til að taka sérstakt gjald fyrir þrif, en það er **15.000 kr.**

Skemmdir á tækjum vegna vítaverðs gáleysis greiðast af leigutaka !! Bent skal á að mögulegt er að fá tæki hjá Búnaðarfélagi Skeiðamanna ef öll tæki Búnaðarfélags Gnúpverja eru upptekin.

Ath. Þegar tækjum er skilað er gott að senda Einari Guðnasyni sms með tímafjölda á tækjum.

**Sumarkveðja.
Búnaðarfélag Gnúpverja**



Vinnuskólinn 2013

Nemendum í 8. og 9. bekk gefst kostur á að vinna í Vinnuskóla í sumar hjá sveitarfélaginu.

Vinnuskólinn byrjar 10. júní og stendur í 7 vikur og skilyrði fyrir því að nemendur fái vinnu er að þeir eigi lögheimili í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Ef aðsókn verður mikil er því miður ekki öruggt að allir fái vinnu þar sem takmarka verður fjölda þeirra sem geta verið í einu. Umsóknarfrestur er til 21. maí og skráning fer fram á skrifstofunni í síma 486-6100. Sveitarstjóri.

Fagrilundur



Nýtt gistihús í Reykholti

opnar 15. apríl 2013

Gisting og morgunverður í litlu gistihúsi í notalegu umhverfi
6 herbergi eru í húsinu, þar af tvö stór á efri hæð,
með sér baðherbergi sem henta t.d. vel fyrir fjölskyldur.

Fjögur minni herbergi á neðri hæð.

www.fagrilundur.is

486-8701 og 891-8106

43. fundur í sveitarstjórn Skeiða-og Gnúpverjahrepps í Árnesi þriðjudaginn 09.04. 2013 kl. 13:30.

Mætt til fundar: Jón Vilmundarson, Oddur Guðni Bjarnason, Björgvin Skafti Bjarnason, Harpa Dís Harðardóttir og Gunnar Örn Marteinnsson. Kristófer A. Tómasson, sveitarstjóri, ritaði fundargerð. Björgvin Skafti oddviti setti fund og spurðist fyrir um hvort athugasemdir væru við fundarboð en svo reyndist ekki vera.

Oddviti kom með tillögu um breytingar á áður boðaðri dagskrá.

Liður 16 - Erindi frá Umhverfisstofnun vegna stækkunar friðlands í Þjórsárverum verði til kynningar en afgreiðslu frestað þar sem gögn bárust seint.

Hann óskaði eftir að bætt yrði tveimur liðum á áður boðaða dagskrá.

Liður 17 Tillaga að umboði vegna kjörskrár. Liður 18 Trúnaðarmál.

Einar Sveinbjörnsson endurskoðandi mætti til fundar.

Dagskrá:

1. Ársreikningur sveitarfélagsins 2012. Fyrri umræða. Einar Sveinbjörnsson endurskoðandi útskýrir ársreikninginn.

Heildartekjur A hluta 411,7 mkr. Áætlun gerði ráð fyrir 399,6 mkr.

Þar af voru útsvör og fasteignaskattur 307 mkr. Þar er hækkun um 8,1 mkr frá 2011.

Rekstrargjöld utan fjármagnsliða eru 411,6 mkr. Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði er jákvæð um 1,3 mkr.

Rekstrarniðurstaða eftir fjármagnsliði eru 7,6 mkr.

Heildartekjur A og B hluta 419 mkr. Rekstrarniðurstaða A og B hluta jákvæð um 7,8 mkr. Fyrir fjármagnsliði. Eftir fjármagnsliði 7,6 mkr.

Handbært fé í árslok 23,0 mkr. Nokkur umræða varð um tilfærslur frá aðal-sjóði til annarra deilda.

Samkvæmt efnahagsreikningi nemur bókfært virði fastafjármuna A og B hluta 475 mkr. og virði veltufjármuna 137,3 mkr. heildar eignir samtals

602,2 mkr. Heildarskuldir 104,4 mkr.

Af helstu lykiltölum má nefna að skuldahlutfall (skuldir/rekstrartekjur) er 14 % og hefur það lækkað úr 26 % frá 2011. Veltufjárhlutfall 1,66 og hefur það lækkað úr 1,90 árið 2011. Eiginfjárhlutfall í lok árs 2012 er 90 % á móti 76,2 % árið 2011. Útvarstekjur í hlutfalli við rekstrartekjur er 37,6 % og það hlutfall hækkað úr 36,7 % árið 2011. Skatttekjur á íbúa eru 708 þkr. á móti 703 þkr. árið áður. Ársreikningi vísað til síðari umræðu.

2. Erindi frá Kvenfélagi Gnúpverja varðandi ársfund Samband sunnlenskra kvenna. Samþykkt samhljóða.

3. Erindi frá Þorsteini Haukssyni vegna vinnuslyss. Samþykkt samhljóða að verða við erindi Þorsteins.
4. 57. fundur skipulags og bygginganefndar. Liður nr. 6 Hamrar lnr. 166561 þarfnast staðfestingar. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu nefndarinnar og samþykkir skv. 48. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 stofnun 1.000,6 fm lóðar úr landi Hamra. Ekki er gerð athugasemd við landsskipti skv. 13. gr. jarðalaga.
5. 465. fundur stjórnar SASS. Erindi varðandi almenningssamgöngur hreppsins. Lagt fram og kynnt.
6. Erindi frá Öryggisfulltrúa sveitarfélagsins. Sveitarstjórn tekur heilshugar undir erindið og Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps fer fram á það við Vega-gerðina og Umferðastofu að taka út aðalvegi sveitarfélagsins þjóðvegi 30 og 32 með tilliti til umferðaöryggis og koma með tillögur til úrbóta. Sveitarstjórn skorar jafnframt á Vegagerðina að grípa til aðgerða til að draga úr umferðarhraða við Brautarholt og Árnes.
7. Gjaldskrá lóðaleigu smábýlaloða neðan Árnass. Máli frestað.
8. Samningur um afnot sveitarfélagsins af vatnsbóli að Hömrum. Sveitarstjórn samþykkir samninginn og felur sveitarstjóra að undirrita hann fyrir hönd sveitarfélagsins.
9. Erindi frá Hótel Heklu varðandi markaðsstyrk. Beiðni hafnað.
10. Beiðni frá Vinum Skaftholtsrétt. Beiðni samþykkt samhljóða.
11. Samningur um sameiginleg verkefni þjónustusvæðis Suðurlands um þjónustu við fatlaða er Svf. Árborg veitir. Sveitarstjórn staðfestir samninginn fyrir sitt leyti.
12. Erindi frá Eiríki Þórkelssyni Vorsabæ. Eiríkur Þórkelsson mætti til fundar. Eiríkur óskaði eftir því að sveitastjórnin endurskoði ályktun frá 41. fundi sveitarstjórnar 2. febrúar 2013 þar sem samþykkt var að auglýsa ekki frekar breytingar á aðalskipulagi. Oddvita falið að afgreiða erindi Eiríks.
13. Málefni áhaldahúss. Samþykkt að framlengja ráðningu starfsmanns áhalda húss til 01. september 2013.
14. Opnunartími og verðskrá sundlauga sveitarfélagsins. Tillaga samþykkt. Ný verðskrá tekur gildi 1. maí n.k.
15. Fundur fræðslunefndar Flúðaskóla. Lögð fram og samþykkt.
16. Erindi frá Umhverfisstofnun um stækkun friðlands í Þjorsárverum. Málið kynnt og afgreiðslu frestað þar sem gögn bárust seint.
17. Tillaga að umboði vegna kjörskrár til alþingis. Tillaga samþykkt.
18. Trúnaðarmál.

framhald á næstu síðu...

Mál til kynningar

- A. Fundur stjórnar málefna fatlaðra á Suðurlandi.
- B. Fundur Þjónusturáðs um þjónustu við fatlað fólk.
- C. Tímabundin breyting á verkaskiptingu Ríkis og SVF Tónlistarnám.
- D. 32. fundur Sambands Íslenskra sveitarfélaga og Starfsgreinasambandsins.
- E. 148. fundur Heilbrigðiseftirlits Suðurlands.
- F. 148. fundur Skólaskrifstofu Suðurlands.
- G. 225. stjórnarfundur Sorpst. Suðurlands.
- H. 804. fundur stjórnar Sambands Íslenskra sveitarfélaga.
- I. 10. fundur stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga.
- J. Upplýsingar um framlagningu kjörskrár.
- K. Fundargerð LSS og SÍS.
- L. Til umsagnar mál nr. 634 frá Atvinnuveganefnd Alþingis.
- M. Fundargerð 16. Fundar Velferðarnefndar Alþingis.
- N. Sameiningar Grunn- og Leikskóla.
- O. Skýrsla sveitarstjóra.

Fundi slitið kl 18:30.

Næsti fundur ákveðinn 7. maí næstkomandi.

Viðvera oddvita á skrifstofu alla þriðjudaga kl. 09-12

Björgvin Skafti Bjarnason oddviti er með viðtalstíma alla þriðjudaga kl. 09 - 12 í fundarherbergi sveitarstjórnar í Árnesi.

Vantar þig sérstaka gjöf?

Hef til sölu ýmsa handunna muni úr minkaskinni og roði. Hálsfestar, hárskraut, eyrnalokka, arm-bönd, bókamerki, vasapela og fleira. Sérstæðir munir sem ekki fást annars staðar.

Komið og lítið á úrvalið.


Katrín, Ásaskóla, sími: 8986047 / 4866047.



www.skeidagnup.is

Við eldavélina!

Lilja Össurardóttir, Hraunbrún, deilir með okkur uppskriftinni sinni þennan mánuð.



Takk Bjarni Birgis. fyrir áskorunina. Alveg er ég viss um að áskorunin átti að hrella mig en eins og flestir vita sér húsbóndinn á heimilinu um matargerðina. Ég luma nú samt á nokkru góðgæti sem móðir mín eldaði og var alltaf mjög vinsælt á mínu heimili ☺

Svínakótelettur Haíti

4 svínakótelettur

3 msk olífuolía

safi úr ½ sítrónu

safi úr ½ appelsínu

1 hvítlaukshleifur

pipar

1 tsk salt

olía til steikingar

steinselja (má sleppa)

soðin hrísgrjón

Blanda saman olíu, sítrónu, appelsínu, hvítlauk, pipar og salti. Skerið í fitukantinn á kótelettunum svo þær verpst ekki við steikingu. Leggið kóteletturarnar í löginn og veltið. Látið liggja í leginum amk 30 mín en hægt er hafa þær mun lengur, allt upp í marga klukkutíma í ísskáp.

Sjóðið hrísgrjónin.

Steikið kóteletturarnar á báðum hliðum upp úr olíu (smjör ef fók vill) en geymið marineringsarlöginn. Þegar kóteletturarnar eru tilbúnar eru þær teknar af pönnunni og lögurinn settur á pönnuna og látinn sjóða augnablik. Honum er svo hellt yfir hrísgrjónin og hrært saman.


Löginn má einnig nota út á kóteletturarnar ef fólk þorir ekki að fara beint með hann í hrísgrjónin ☺

Skora á oddvitafrúna, hana Millu í Brautarholti 4 að koma með næstu uppskrift.

Verði ykkur að góðu.

Lilja Össurardóttir

Hraunbrún





LEIKHOLTI

Komiði sæl.

Það er allt gott að fréttu úr Leikholti og margt skemmtilegt sem hefur á daga okkar drifið. Fyrir páska fengum við nokkra litla og fiðraða gesti í heimsókn, hænuunga frá Valgerði. Þeir vekja alltaf jafn mikla lukku hjá börnunum. Veðrið hefur leikið við okkur og gaman að vera úti

😊



Börnin í Smáholti.

Föstudaginn 5. apríl sl. bauð foreldrafélagið upp á leiksýninguna „Ástarsaga úr fjöllum“ frá Möguleikhúsinu. 1. og 2. bekkur Þjórsárskóla komu einnig á sýninguna sem og nokkrir foreldrar, afi og einn langafi 😊
Sýningin tókst vel og börnin allt niður í eins árs gömul sátu kyrr og horfðu á. Einstaka barn varð þó að færa sig aðeins aftar í salinn en það var líka allt í lagi.





Hér að neðan er Hvalahópur í vísindastarfi hjá Sigrúnu en þar er sko margt spennandi verið að rannsaka og skoða ☺



Í mars vorum við með öðru-

vísi fimmtudaga, Bláan dag, leikfangadag og álfadag. Á álfadaginn var hengd upp mynd af henni Puru, búálfinum okkar sem býr á háloftinu í leikskólanum. Pura er ósýnileg og hún er lífsleikniálfurinn okkar.

Hún mun biðja börnin um ráð við hinu og þessu. Börnin eru farin að senda henni bréf og hún er farin að svara þeim. Þetta er mjög spennandi verkefni og við hlökkum til að vinna með Puru.

Við erum með álfa og trölla þema fram á vor.

Í lok mars var farið að huga að árshátíðarundirbúningi en **árshátíðin okkar okkar verður síðasta vetrardag, 24. apríl nk. kl 14:00** og allir hjartanlega velkomnir á hana. Mikil spenna er hjá börnunum að finna sér persónu til að leika, búa til leikrit, semja lög, búa til sviðmynd og margt fleira. Hugmyndaflugið er óþrjótandi og sumir skipta reglulega um persónu til að leika...

Framundan er vorið með nýjum skemmtilegum og spennandi viðfangsefnum sem okkur hlakkar til að takast á við. Fjölga mun í leikskólahópnum þegar líður á vorið en von er á þremur drengjum í skólann.

Kær kveðja frá öllum í Leikholti
Sigríður Björk leikskólástjóri.

Heimsókn Hrunamanna.

Kristófer sveitarstjóri bauð starfsmönnum á skrifstofu Hrunmannahrepps í heimsókn til okkar eitt föstudagseftirmiðdegi. Alltaf er gaman að hitta skemmtilegt fólk og skiptast á skoðunum um málin sem skrifstofurnar fást við. Við skelltum okkur að sjálfsögðu í réttir þó svo að féð væri ekki tiltækt, að því búnu var gestum boðið til Þjórásarstofu og sest niður með kaffi og meðlæti. Hér eru sveitarstjórnarnir Kristófer Tómasson og Jón Valgeirsson, Hrunamaður, Marta Jónsdóttir, fulltrúi á skrifstofunni á Flúðum og Björgvin Skafti Bjarnason, oddviti okkar að skoða ágríp sögu Skaftholtsrétta sem þarna er skráð.



Á neðri myndinni eru svo þau Svanhildur Pétursdóttir, skrifstofustjóri og Hannibal Kjartansson veitustjóri, með Jóni og Mörtu ásamt Puríði Jónsdóttur, launafulltrúa hér og Kristjönu Heyden G. ritara t.v. Þökkum nágrönnum okkar fyrir skemmtilega og gefandi stund hér austan





Þjórsárstofa

ÞJÓRSÁRSTOFA

opnar 2. júní n.k.

Af því tilefni er boðið til smá athafnar
kl. 15:00-17:00.

Upplifum umhverfismyndina um
Þjórsá og nágrenni hennar og
þjóðum vinum og kunningjum.
Nánar auglýst síðar.

Sveitarstjóri

*Minningarkort Stóra-Núpskirkju
fást hjá Margréti Steinþórsdóttur í Háholti,
sími 486-6017.*



Grænna land ehf.

Öll þjónusta fyrir garðinn á
einum stað:

Áburðargjöf

Beðahreinsun

Garðsláttur

Garðauðun

Gróðursetning

trjáplanta

Ráðgjöf um hönnun
garða



Erla Björg Arnardóttir

Garðyrkjufraeðingur

Sími: 858-3399

graennaland@simnet.is

Óperutónleikar

Karلاكórs Hreppamanna

Wagner

Weber

Puccini

Verdi

Gounod

Offenbach

Einsöngvarar

Elsa Waage mezzosópran

Gissur Páll Gissurarson tenór

Kórstjóri: Edit Molnár

Píanóleikari: Miklós Dalmay



Tónleikadagar

Sunnudaginn 14. apríl: Árbæjarkirkja Reykjavík kl. 14:00

Víðistaðakirkja Hafnarfirði kl. 17:00

Laugardaginn 20. apríl: Selfoskirkja kl. 15:00

Félagsheimilið á Flúðum kl 20:30

Miðaverð er 2500,-kr.

Menningarráð



Suðurlands





VÖRÐUKÓRINN

Vörðukórinn - Sunnlenskir tónar

Tónleikar í Selfosskirkju föstudaginn 19. apríl kl. 20:30

Á dagskránni verða:

Ný, lítt þekkt og vel þekkt verk eftir sunnlensk tónskáld.
(Elín Gunnlaugsdóttir, Loftur S Loftsson, Stefán Þorleifsson,
Sigurður Loftsson, Hreiðar Ingi Þorsteinsson.)

Íslensk þjóðlög

Íslensk kirkjutónlist

Stjórnandi: Eyrún Jónasdóttir

Undirleikari: Stefán Þorleifsson



Þessi dagskrá verður hluti af efnisskrá Vörðukórsins í tónleikaferð til Berlin, sem farin verður í haust.

Auk Vörðukórsins koma fram, Snæbjörg Gunnarsdóttir og Hróðmar Sigurðsson, sem munu frumflytja eigið verk.

Aðgangseyrir kr. 2500.

Ath. Þetta verða einu tónleikar Vörðukórsins á Suðurlandi í vor, en tónleikarnir verða endurteknir í Fella- og Hólakirkju í Reykjavík miðvikudaginn 24. apríl n.k. kl. 20:00.



Athugasemd við fundagerð.

Ég óskaði eftir að fá að mæta á síðasta sveitarstjórnarfund og fylgja eftir bréfi sem ég ritaði sveitastjórn vegna þess að ég er ekki sáttur við afgreiðslu umsóknar um breytingu á aðalskipulagi. Vísa ég í grein sem ég ritaði í Fréttabréfið sem var gefið út febrúar þar sem ég fór yfir það ferli þegar aðili sem vill fjárfesta fyrir fleiri hundruð milljónir hér í sveit er hafnað þ.e.a.s. málið sett í þann farveg að ómögulegt er að segja hvenær vænta megi niðurstöðu. Eitthvað virðist ég hafa haft fram að færa máli mínu til stuðnings eða þá að sveitastjórnarmeðlimir hafi vitað upp á sig sökina, þar sem ég fékk að tjá mig í meira en klukkutíma án þess að nokkur haldbær rök kæmu á móti máli mínu.

Eftirfarandi texti var ritaður í fundagerð fundarins:

12. Erindi frá Eiríki Þórkelssyni Vorsabæ. Eiríkur Þórkelsson mætti til fundar. Eiríkur óskaði eftir því að sveitastjórnin endurskoði ályktun frá 41. fundi sveitarstjórnar 2. febrúar 2013 þar sem samþykkt var að auglýsa ekki frekar breytingar á aðalskipulagi. Oddvita falið að afgreiða erindi Eiríks.

Þegar þessi grein er skrifuð hef ég ekki enn fengi erindi frá oddvita, en ræddi þó við hann í síma eftir að ég las fundagerðina og gerði athugasemd. Tel ég að það hefði mátt koma fram þau sjónarmið og athugasemdir sem ég lagði fram á fundinum þar sem ég er íbúi í sveitarfélaginu.

Með þessu virðist sem sveitastjórnin taki meira tillit til þeirra sem ekki búa í sveitafélaginu og vísa ég til þess að haft var eftir sumarbústaðaeigendum það sem þeir sögðu í þessu máli þegar þeir fengu að mæta á sveitarstjórnarfund. Veit ég ekki hvort þeir voru boðaðir eða báðu um áheyrn.

Ég vil nú gera efnislega grein fyrir því helsta sem ég tjáði mig um á fundinum og þau rök sem ég kom fram með máli mínu til stuðnings og hverju ég óskaði eftir frá sveitarstjórn.

Frá árinu 2009 til ársbyrjunar 2013 hefur orðið fólksfækkun í sveitarfélaginu um rúm

2 %. Þar af hefur börnum 16 ára og yngri fækkað um 20 %. Hvað veldur ? Að mínu áliti og minni reynslu tel ég að hluti þessarar skýringar sé skortur á atvinnutækifærum í sveitarfélaginu . Þegar maður er með börn í leikskóla og fyrstu bekkjum grunnskóla er mikilvægt að a.m.k annað foreldri vinni ekki í fleiri tuga kílómetra fjarlægð frá heimili. Þetta hugsar barnafólk m.a. um þegar það ihugar búsetu.

Ég ræddi um að lítið sé um rekstur hér í sveit fyrir utan hinar hefðbundnu landbúnaðargreinar og því þörf á nýsköpun í sveitafélaginu. Viðbrögð við þessu áliti mínu var að það væri stórt fyrirtæki hér í sveit sem hétí Landsvirkjun og greiddi mikið til sveitarfélagsins.

Til efni þess að ég ákvað að fá sveitarstjórnina til að endurskoða sínar ákvarðanir var að ég hafði rætt við tvo sveitarstjórnarmeðlimi út frá mínu sjónarhorni, þekkingu og reynslu og skynjaði sem þau væru í vafa um það ferli sem þetta mál var komið í. Var ég beðinn um að fá skriflega yfirlýsingu frá næstu nágrönnum þess svæðis sem ætti að skipuleggja fyrir tvær vindmyllur. Kom ég með yfirlýsingu frá næstu nágrönnum um að þeir væru samþykkir því að reistar yrðu tvær vindmyllur.

Einnig kom ég með skýrslu frá umhverfisfræðingi þar sem kom fram áhugaverðar upplýsingar um þá stefnu sem Danir og Texasbúar eru að taka í orkumálum. Þar var bent á mjög áhugaverð atriði máli mínu til stuðnings.

Ég benti á að rökin væru rýr í þeim tveimur athugasemdum sem hefðu komið. Hljóðið hverfur á innan við 500 metrum og ekki var sýnt fram á með haldbærum rökum að starfsemin ylli verðmætaryrnnun á landbúnaðarlandi sem væri í þeirri fjarlægð sem um var að ræða.

Eina væri að þessi mannviki sæjust og verður að setja það í samhengi við það sem fyrir væri s.s. rafmagnsmöstur.

Framkvæmdaraðilinn viðraði þá hugmynd að taka þá áhættu að fá tímabundið tilraunaleyfi á meðan svæðisskipulagsnefnd fjallaði um málið. Sveitastjórnin hefur sýnt því lítinn áhuga.

Eftir þennan fund met ég svo að þessi hreppsnefnd sé ekki starfi sínu vaxin. Oddviti sagði að þetta væri svo lítið að það skipti ekki máli fyrir sveitafélagið þótt þetta snérist um að einstaklingur vilji flytja í sveitafélagið með konu og tvö börn á grunnskólaaldri. Að auki vill hann fjárfesta fyrir hundruð milljóna í mynda-
legum húsakosti auk tveggja vindmylla á landi sem hann hefur þegar fjárfest í. Í framhaldi að því hyggur hann að verða með frekari starfsemi á jörðinni til að nýta orkuna.

Hlutverk sveitastjórna er að vinna fyrir heildarhagsmuni sveitarfélagsins og gera allt til þess að stuðla að atvinnuuppbyggingu í sveitarfélaginu. Óskaði ég eftir því á fundinum að sveitastjórnin rökstyddi ákvarðanir sínar opinberlega. Það virðist vera álit sveitarstjórnar að það þurfi ekki að rökstyðja ákvarðanatöku sína þótt það væri farið fram á það.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps hagar sér eins og ofdekraður unglingur sem fær allt upp í hendurnar og þarf ekki að hafa fyrir því að afla sér tekna.

Eiríkur Þórkelsson.

Vorsabæ 1

SASS auglýsir eftir umsóknum um styrki til eflingar atvinnulífs og nýsköpunar á Suðurlandi

Til úthlutunar eru 30 milljónir króna (vor 2013)

Samtök sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) auglýsa eftir umsóknum um styrki frá þeim sem eru með verkefni sem stuðlað geta að eflingu atvinnulífs og nýsköpunar á Suðurlandi. Um er að ræða fyrri úthlutun þessa árs.

Umsóknarfrestur er til og með mánudagsins 6. maí n.k..

Umsóknir þurfa að berast rafrænt í gegnum vefinn www.sudurland.is. Einnig er þar að finna nánari upplýsingar, eyðublöð og leiðbeiningar um framsetningu umsókna. Opnað verður fyrir innsendar umsóknir mánudaginn 15. apríl.

Eftirfarandi forsendur og áherslur verða lagðar til grundvallar við mat á umsóknum:

Vöruþróun og nýsköpun einkum í matvælaíðnaði og ferðaþjónustu

Markaðssetning ferðaþjónustu utan háannar

Grænmetisframleiðsla; framleiðslu- og vöruþróun, markaðssetning og sala

Markaðssókn fyrir vörur og þjónustu á nýja markaði

Fjármögnun verkefnastjórnunar í stærri rannsóknar- og þróunarverkefnum á Suðurlandi

Klasa og uppbygging þeirra

Tímabundin ráðning starfsmanna með sérþekkingu til að hagnýta möguleika fyrirtækis til vaxtar

Verkefni þar sem fyrirtæki og stofnanir vinna saman að rannsóknnum, þróun og fræðslu njóta forgangs til 2/3 hlutar ofangreinds fjármagns. Umsækjendum er því bent á að leita eftir samstarfsaðilum. Ofangreindar áherslur eða samstarf fyrirtækja eru því ekki skilyrði fyrir styrkveitingu.

Mótframlag verkefnis þarf að vera að lágmarki 50%. Ekki er veittur styrkur til fjárfestinga. Horft er til þess að verkefnið leiði til varanlegs ábata fyrir samfélagið.

Umsækjendur eru hvattir til að hafa samband við ráðgjafa SASS og þiggja aðstoð og leiðbeiningar við gerð umsókna. Hægt er að hafa samband í síma 480-8200 eða með því að senda fyrirspurn á netfangið sass@sass.is.

Styrkveitingar á vegum SASS eru fjármagnaðar úr sameiginlegum sjóðum SASS, Sóknaráætlun Suðurlands og Vaxtarsamningi Suðurlands.

Samtök sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) eru landshlutasamtök sveitarfélaga á Suðurlandi, samstarfs- og þjónustuvettvangur um hagsmunamál sveitarfélaga, íbúa og atvinnulífs á Suðurlandi.

SASS – Vestmannaeyjar

SASS - Selfoss

SASS - Höfn

Þekkingarsetur VE

Austurvegur 56

Nýheimar

480-8200

480-8200

480-8200

Heilsugæslan Laugarási sími 480-5300

Opið virka daga kl. 8:30-16:30.

Símatímar lækna virka daga

kl. 9-9:30 og 13-13:30

Vaktsími 892-8804 - Neyðarsími 112

Apótekið opið mán. - fös. 09:00 - 17:00 S. 486-8655

VIOLA snyrtistofa! Högnastíg 1 Flúðum

GUINOT húðvörur fyrir dömur og herra


ALESSANDRO naglalökk og gloss

Meðferðir: Andlitsbað – Húðhreinsun –

Fótsnyrting — Handsnyrting – Vaxmeðferðir

Litun og plokkun.

Tímapantanir í síma: 856-1599



VÖNDULL ehf
FLUTNINGAÞJÓNUSTA
Í ÁRNESSÝSLU.



Brottför frá Reykjavík, Héðinsgata 1-3
sími: 533 2211.

Mánudaga til föstudaga kl. 13:00

Á Selfossi hjá Húsasmiðjunni og Byko kl. 14:00.

Einnig hjá öðrum fyrirtækjum eftir þörfum.

Upplýsingar í síma:

856 1580 Unnar - 856 1581 Stefán

**Ullargámur er staðsettur á
Smiðjustíg 10 Flúðum,
við skemmu Flúðaleiðar,
til 20. apríl 2013.**

**Hægt er að fá tóma ullarpoka
á staðnum án endurgjalds!**



LAUGARVATN
fontana
Heilsulind frá landnámi

**Laugarvatn Fontana býður ykkur að njóta
gufunnar
í vetur. Síminn okkar er sem áður 486 1400.**

ÁSBÚÐIN Á FLÚÐUM

SMIÐJUSTÍG 6A – SÍMI 486-1866

OPIÐ: VIRKA DAGA 9 -18

LAUGARDAGA 11-14

EIMSKIP

Flúðaleið ehf

**Landflutningar
SAMSKIP**

Verktaki fyrir Eimskip og Samskip

Brottför frá Flúðum alla virka daga: 7:00-9:00

Brottför frá Reykjavík alla virka daga:

kl 12:00 frá Landflutningum og kl 13:00 frá Flytjanda

Brottför frá Selfossi alla virka daga: 14:00

Vöruafgreiðsla á Flúðum opin frá kl 8:00-17:00 alla virka daga.

sími: 486-1070 fax 486-6693 netfang: fludaleid@simnet.is

Símar hjá bílstjórum:

892-2370- Pálmar

892-2371 -Grímsnes, Laugardalur og Biskupstungur.

892-2372 - Skeiða- Gnúpverja- og Hrunamannahreppur

Með kveðju. Starfsfólk Flúðaleiðar

Sáðvörulistinn 2013

	Grasfræ	Verð pr/kg
Vallarfoxgras	Vega	894
Vallarfoxgras	Grindstad	785
Vallarfoxgras	Tuukka	710
Vallarsveifgras	Sobra	703
Túnvingull	Gondolin	580
Hávingull	Pradel	590
Stólpablanda I	Fyrir kýr	784
Stólpablanda II	Fyrir fé og beit	797
	Grænfóðurfræ	
Fjölært rýgresi	Tetramax	650
Fjölært rýgresi	Calibra	660
Sumarrýgresi	Barspectra	475
Sumarrýgresi	Jivet	467
Vetrarrýgresi	Barmultra (Ferlitna)	465
Vetrarrýgresi	Jeanne (Ferlitna)	450
Sumarrepja	Pluto	880
Vetrarrepja	Barcoli	490
	Belgjurtir	
Ertur	Javlo / Javlo	195
Hvítsmári	Rivandel	1.302
Rauðsmári	Justin	1.756
	Hafrar	
Grænfóðurhafrar	Akseli (<i>Lifrænt ræktað</i>)	200
Grænfóðurhafrar	Domenic	152
Hafrar til þroska	Cilla	65
	Bygg	
Bygg 6 raða	Voitto	148
Bygg 6 raða	Aukusti	151
Bygg 2 raða	Filippa	144

Innihald í blöndum

Stólpablanda I

60% Vallarfoxgras Tuukka
25% Vallarfoxgras Tenho
10% Vallarsveifgras Baron
5% Fjölært rýgresi Barpasto

Stólpablanda II

50% Vallarfoxgras Tuukka
20% Vallarfoxgras Tenho
30% Vallarsveifgras Baron

Tuukka

(*Phleum pratense* L.)

Vekjum sérstaka athygli á finnska vallarfox-yrkinu **Tuukka** sem við höfum boðið íslenskum bændum undanfarin 3 ár og hefur reynst vel. Þetta yrki hefur verið prófað af RALA.

Ertur

(*Pisum sativum*)

Landstólpi hefur í nokkur ár flutt inn ertufræ og það hefur gefið góða raun að sá hálfu sáðmagni af ertum (80 - 100 kg) með fullum skammti af grasfræi. Með því fæst gríðarmikil uppskera og sérlega steinefnaríkt fóður.



Aukusti og Voitto 6 raða korn

Snemmsprottin sex raða yrki sem gefa mikla uppskeru í góðu og meðalgóðu ári. Bæði yrkin eru með framúrskarandi korngæði og háa þúsund korna þyngd.

Ath. ofangreind verð eru fyrir utan vsk.
Áskiljum okkur rétt til verðbreytinga vegna gengisþróunar



Gunnbjarnarholti
801 Selfoss
480 5600
landstolpi.is

Opið í sundlaugum veturinn 2013 Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Neslaug s:486-6117

Skeiðalaug s:486 5500

Þriðjudaga: 18 – 22

Fimmtudaga: 18 – 22

Laugardaga 09—12

Laugardaga 13—16

Frítt í sund fyrir 18 ára og yngri og 67 ára og eldri sem eiga



Lögheimili í sveitarfélaginu.

Vörur tengdar sundi til sölu!

Umsjónarmaður.

Opnunartímar gámasvæða til 01. maí!

Opnunartímar gámasvæða, í Skeiða og Gnúpverjahreppi.

Vetraropnun til 01. maí verður eftirfarandi:

Við Árnes: þriðjudaga og fimmtudaga kl 9:00 - 10:30 og laugardaga kl 10:00 - 12:00.

Við Brautarholt: mánud. og miðvikud. kl 9:00 – 10:30 og laugardaga kl 13:00 - 15:00.

Opið verður fyrir losun heimilissorps allan sólarhringinn á báðum gámastöðvunum. Ef farga þarf dýrahæjum utan auglýsts opnunartíma er bent á að hafa samband í síma 893-4426. Reglur um flokkunina verða sendar á hvert heimili en eru einnig aðgengilegar á **www.skeidgnup.is** Góðfúslega kynnið ykkur þær.

Fatagámar **Rauða krossins** eru tveir og eru staðsettir á gámasvæðinu í Brautarholti og við Áhaldahúsið í Árnesi!